

Alþingi

Erindi nr. Þ

120/1898

komudagur

6/5

1996

Samgöngunefnd alþingis
Formaður Einar K. Guðfinnsson

3. maí 1996

Athugasemdir/spurningar Póstmannafélags Íslands vegna frumvarps samgönguráðherra um breytingu á rekstrarformi Póst og síma.

Póstmannafélag Íslands hefur ýmsar athugasemdir við frumvarpið og telur reyndar fyrst og fremst að um póstpjónustu gildi ekki sömu lögmál og um símaþjónustu. Frumvarpið vekur einnig ýmsar spurningar sem Póstmannafélagið telur að svara verði áður en til samþykktar kemur.

Félagið telur að frumvarpið tryggi engan veginn réttindi starfsmanna þó svo að ráðherra hafi lýst vilja sínum til að svo verði.

Einstakar greinar frumvarpsins.

Í 2. grein frumvarpsins er væntanlegu hlutafélagi veitt heimild til að stofna dótturfyrirtæki um einstaka hluti þjónustunnar, eitt sér eða með öðrum.

PFI hefur bent á að þarna sé líka opnað fyrir möguleika til sölu eða útboðs á einstökum þáttum í þjónustu fyrirtækisins, án afskipta Alþingis.

Nú kemur fram í 8. grein að fastráðnir starfsmenn Pósts og síma muni halda áunnum réttindum hjá hinu nýja hlutafélagi. **Hvað þá ef hlutafélagið tekur þátt í stofnun fyrirtækis með einkaaðilum og starfsmenn fá vinnu hjá því fyrirtæki. Koma þeir starfsmenn til með að halda sínum áunnu réttindum? Þar með talinn biðlaunaréttur.**

Hvaða merkingu má leggja í orðin “áunnin réttindi”? Eru réttindin fryst eins og þau eru í dag, eða eiga núverandi starfsmenn rétt á að halda áfram ávinnslu réttinda eins og ef rekstrarformið væri óbreytt?

Samningar um kaup og kjör.

Í frumvarpinu kemur hvergi fram hvernig fara skuli með samningamál starfsmanna um kaup og kjör. Einnig kemur hvergi fram hver verður samningsaðili af hálfu fyrirtækisins.

Í núverandi rekstrarformi hefur Póstmannafélag Íslands samið við fjármálaráðuneytið. Þetta mun væntanlega breytast með nýju rekstrarformi fyrirtækisins.

Það er skýlaus krafa Póstmannafélags Íslands að í frumvarpinu eða reglugerð um fyrirtækið Póstur og sími hf verði ákvæði sem kveði á um að Póstmannafélag Íslands verði áfram samningsaðili fyrir hönd sinna félagsmanna.

Póstmannafélag Íslands sem í dag telur ríflega 1000 félagsmenn var stofnað árið 1919, er aðili að samtökum norrænna póstmanna NPU og einnig alheimssamtökum póst og símamanna PTTI. Félagið hefur ætíð haft það að aðalmarkmiði að gæta hagsmuna sinna félagsmanna, hvað varðar kaup og kjör og að standa vörð um þeirra réttindi. Það væri því mjög miður ef þessi breyting á starfsumhverfi yrði til þess að draga úr áhrifum félagsins og samtakamætti félagsmanna.

6. grein:

Þessi grein kveður á um að samgönguráðherra einn skipi 7. stjórnarmenn og 7 til vara og skal svo gert ár hvert. Þetta hlýtur að leiða til óvissu og óöryggis meðal starfsmanna ef sá möguleiki er fyrir hendi að ný stjórn taki við á hverju ári. Í dag eiga starfsmenn fulltrúa í starfsmannaráði og geta með því haft áhrif á stefnu fyrirtækisins eða í það minnsta staðið vörð um hagsmuni sinna félagsmanna.

Spurning er því hver verða áhrif starfsmanna á rekstur fyrirtækisins og starfsaðstöðu sína?. Verður starfsmannaráð til í óbreyttri mynd eða verða áhrif starfsmanna engin?

8.grein:

Um þessa grein frumvarpsins vísast til umsagnar Gests Jónssonar lögfræðings, þó má benda á að sá tími sem starfsmönnum er ætlaður til að ákvarða hvort hafið skuli starf hjá hinu nýja fyrirtæki er alltof skammur. Einnig telur PFÍ að biðlaun hjá hlutafélagi hljóti að vera óraunhæf.

Í 10 og 13.grein er kveðið á um að Pósti og síma hf sé skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn og skal nánar getið um það í væntanlegri reglugerð. Einnig skal stjórn hlutafélagsins setja gjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gæta almennra arðsemissjónarmiða.

Í þessu felast mótsagnir. Samkvæmt þessu má búast við breytingum á þeirri stefnu sem fylgt hefur verið til þessa að allir landsmenn skuli sitja við sama borð, hvað varðar þjónustu og gjaldskrá. Póstmannafélagið varar við þeim afleiðingum sem þetta gæti haft í för með sér.

Samkvæmt frumvarpinu skulu löggin um Póst og síma h.f. taka gildi 15. júlí og þar með falla úr gildi lög um Póst og símamálastofnunina, en hlutafélagið mun ekki taka til starfa fyrr en 1. október.

Hver ber þá ábyrgð á Póst og símaþjónustu við landsmenn á þessu tímabili ?


Hvaða kjarasamningur við starfsmenn er í gildi eftir 15.júlí?

Væntanlega mun kjarasamningur Póstmannafélagsins við fjármálaráðuneytið falla úr gildi 15. júlí, ef ekki liggur fyrir samkomulag um annað. Það er því ljóst að félagar í Póstmannafélagi Íslands munu hafa efasemdir um hvort þeim beri skylda til að mæta til vinnu ef ekki liggur fyrir samningur um kaup þeirra og kjör. **Póstmannafélag Íslands telur nauðsynlegt að fram komi skýrt í frumvarpinu hvernig þessum málum skuli skipað þetta tímabil.**

Í dag hafa starfsmenn möguleika á að afla sér starfsmenntunar við Póst og símaskólann sér að kostnaðarlausu og án tillits til búsetu.

Tryggja þarf í frumvarpinu að ekki verði breyting þar á vegna mikillar sérþekkingar sem pósthörf krefjast.

f.h. Póstmannafélags Íslands


Þuríður Einarsdóttir
formaður